

Sæl og blessuð!

Nú ætti afhendingarferli spjalddölvna að vera lokið í 6. og 7. bekk í öllum skólum - en það er aðeins mismunandi hvenær nemendur þessara bekkja fá spjalddölvuna með sér heim. Sumir fengu hana heim með sér fyrir þessa helgi en sums staðar var ákveðið að geyma það þangað til eftir helgi. Það er í góðu lagi – enda sendum við ekki tækin heim fyrr en við erum búin að fullvissa okkur um að þau séu rétt uppsett.

Bestu þakkir fyrir alla þá vinnu sem þið hafið lagt á ykkur í þessu uppsetningarferli, þetta er búið að vera mikil vinna og margt hafið þið þurft að leggja til hliðar í kennslunni til að skapa tíma fyrir þessi verk. En nú erum við aðeins komin að tímamótum sem felst í því að nemendur og kennarar á miðstigi hafa fengið nýtt verkfæri inn í nám og kennslu. Það er um að gera að fara hægt af stað og gefa sér góðan tíma, nota spjalddölvuna þegar það á við í þeim viðfangsefnum sem verið er að vinna með. Spjalddölvun getur virkað mjög vel samhliða gömlu aðferðunum sem hafa reynst vel hingað til – og vonandi á hún eftir að breyta kennsluháttum mikið í framtíðinni. Ég minni ykkur á að ég er oft í skólanum (mætti samt vera oft), hvet ykkur til að vera í sambandi ef ykkur vantar aðstoð eða ráðleggingar – og svo finnst mér alltaf verulega gaman að koma inn í bekkni ef þið viljið nýta mig þar. Viðvera mín er á töflunni í skólanum – og er að vísu að breytast eftir helgina, en þið skoðið það. Kannski nýtast þessar hugmyndir ykkar á næstu dögum – **Fyrstu skrefin með nemendum** – sem ég sendi hér slóð á: <http://spjalddolvur.kopavogur.is/media/leidbeiningar/Fyrstu-skrefin-med-nemendum.pdf>

Ég vona að vinna í kringum bekkjarsáttmála hafi gengið vel – og nú er ráð að skoða punkta krakkanna og steypa saman í eitt skjal fyrir bekkinn eða samræma jafnvel fyrir stigið. En hver skóli þarf að útfæra það fyrir sig. Ég minni bara á það sem ég ræddi við nemendur ykkar á fundum í janúar – atriði sem giltu í öllum skólum þar sem eru ipadar. Þau koma hér:

1. Kennarinn segir til um hvenær spjalddölvur eru notaðar og hvenær ekki þ.e. kennarinn ræður notkun á skólatíma.
2. Spjalddölvur eiga ekki heima í matsal.
3. Spjalddölvuna á að geyma inni í skólastofunni í frímínútum.
4. Ekki er leyfilegt að fíkta í spjalddölvum annarra og breyta stillingum.
5. Ekki er leyfilegt að taka myndir af öðru fólki án þess að fá leyfi.

Gangi ykkur vel í framhaldinu.

Góða helgi!

Með bestu kveðju

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Kennsluráðgjafi hjá Kópavogsbæ

kristinb@kopavogur.is

s. 441-2364 / 866-5518